

Mánudaginn 27. októbermán.

Nr. 13/1879

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Kristni bónda Magnússyni.

D ó m u r :

Mál það, sem hjer er undir afrýjun, er höfðað í hjeraði af H. Th. A. Thomsen, kaupmanni í Reykjavík og eiganda að laxveiði í Elliðaánum, gegn Kristni bónda Magnússyni í Engey, út af því, að Kristinn hafði verið einn af forgöngumönnunum að því að brjóta og rífa burtu laxakistur Thomsens úr Elliðaánum 17. dag ágústmán. f. á. Samkvæmt skoðunargjörð, er framkvæmd var 21. s. m. af tveimur dómkvöddum mönnum, höfðu tjeðar laxakistur við á minnst tækifæri verið talsvert skemmdar, rimlar og hlerar brotnir og háfar rifnir úr þeim, auk annara minni skemmda, og möttu skoðunarmennirnir skaðann af skemmdum þessum á kistunum 38 kr. 22 a. Í máli þessu var síðan kveðinn upp dómur fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 29. júlímán. þ. á. með þeim úrslitum, að Kristinn Magnússon skyldi greiða 10 króna sekt til landssjóðs, ella sæta einföldu fangelsi í 3 daga, svo skyldi hann og greiða Thomsen 38 kr. 22 a. í skaðabætur fyrir spjöll á veiðivjelum hans og ennfremur 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Thomsen kaupmaður áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dagsettri 16. ágúst þ. á., og krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur í hina hörðustu hegningu fyrir lagabrot sitt, og til að greiða sjer (áfrýjandanum) bætur fyrir skemmdir á veiðivjelum, fyrir veiðimissi það sem eptir var veiðitímans í fyrra og fyrir «Tort og Creditspilde», alls 500 kr., og loks málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 100 krónum. Aptur á móti hefur hinn stefndi krafizt, að hjerads-

dómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með hæfilegri upphæð.

Með því að yfirdómurinn verður að adhyllast þá skoðun hjeradsdómarans, að einungis lögmætur rjettur, en enginn privatmaður samkvæmt gildandi lögum hafi vald til að dæma um, hvort laxveiðivjelar þær, sem hjer ræðir um, sjeu lögum samkvæmar, því síður til að rífa þær úr, og með því að hinn stefndi ekki hefur áfrýjað hjeradsdóminum, þá verður honum ekki breytt hinum stefnda í hag. Hins vegar virðist yfirdóminum, að hegning sú, sem hinn stefndi hefur til unnið með þessu atferli sínu, sje of lágt metin af hjeradsdómaranum eptir 298. gr. hegningarlaganna, þegar haft er tillit til stöðu hins stefnda sem hreppsnefndaroddvita og til efnahags hans, sem og til þess, að honum, eptir því sem á undan var gengið, hlaut að vera ljóst, að hann með þessum tiltektum sínum, fremdi lagabrot, og virðist því hæfilegt að færa hegninguna upp í 100 kr. sekt til landssjóðs eða 30 daga einfalt fangelsi, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma. Að því er snertir skaðabætur til áfrýjandans fyrir spjöll á veiðivjelum hans, ber að staðfesta hjeradsdóminn og sömuleiðis að því er snertir málskostnað í hjeraði. Þar sem áfrýjandinn ennfremur hefur krafizt skaðabóta fyrir veidimissi og fyrir «Tort og Creditspilde», þá eru ekki fram komnar neinar upplýsingar af áfrýjandans hendi, er slíkar skaðabætur yrðu metnar eptir, enda hefur engra skaðabóta fyrir «Tort og Creditspilde» verið krafizt í hjeraði, og verður þessi rjettarkrafa áfrýjandans því ekki tekin til greina. Málskostnað fyrir yfirdóminum ber hinum stefnda að greiða áfrýjandanum með 30 krónum.

Áfrýjandinn hefur getið þess, að liðið hafi meira

en 6 vikur frá því að mál þetta var tekið upp til dóms í hjerði og þangað til dómur var kveðinn upp í því, en yfirdóminum virðist ekki næg ástæða til að láta þenna drátt varða hjerðsdómaranum ábyrgðar samkvæmt L. 1—5—8, þar sem þess ekki er krafizt af áfrýjandanum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Kristinn bóndi Magnússon í Engey, á að greiða 100 króna sekt, er renni í landssjóð, eða, ef sektin ekki öll er greidd í ákveðinn tíma, sæta 30 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á hjerðsdómurinn óraskaður að standa. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinn stefndi áfrýjandanum, H. Th. A. Thomsen, kaupmanni í Reykjavík, 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. nóvembermán.

Nr. 28/1879:

Rjeltvísín

gegn

Katrínu Andresdóttur.

Á l y k t u n :

Eptir að hin ákærða Katrín Andresdóttir hafði kannazt við, að hún hefði hnuplað 2½ al. af sirtsí í búð einni í Stykkishólmi, gekk hún síðar frá þeirri játningu sinni, og kvaðst einungis hafa tekið þetta sirts út í reikning húsbónda síns, Marísar Einarssonar á Langeyjarnesi, með hans leyfi.

Með því hjerðsdómsgjörðirnar bera með sjer, að verzlunarþjónar Hjaltalíns verzlunarstjóra — en það var